



### Skrifstofa sveitarfélagsins

Breytingar urðu á starfsmannahaldi á skrifstofu sveitarfélagsins í vor þegar Olga Marta Einarsdóttir lét af störfum sem ræstitæknir en hún hefur séð um ræstingar á skrifstofunni s.l. fjögur ár. Friðrika Björk Illugadóttir var ráðin í starfið þann 15. maí s.l. Eg býð Friðriku velkomna til starfa um leið og ég þakka Olgu Mörtu fyrir fyrir vel unnin störf.

Að lokum minni ég á árlega sumarlokun á skrifstofunni, dagana 7. – 11. ágúst, en líkt og undanfarin ár höfum við lokað vikuna eftir verslunarmannahelgi vegna sumarleyfa starfsfólks.

Ég óska ykkur alls hins besta, njótið góðra stunda sem eftir lifir sumars og vonandi fáum við góða berjatið.

Dagbjört, sveitarstjóri.


## Hvammur, Vallholtsvegi 15, Húsavík

Þriðjudaginn 1. ágúst milli kl. 10-13 og 14-18

miðvikudaginn 2. ágúst milli kl. 10-13 og 14-18

### Sölusýning á Undirfatnaði frá Anita

og eldri týpur á allt að 70% afslætti



Sólgleraugu - yfirgleraugu  
leðurveski og margt fleira

ýmsar forvitnilegar vörur verða með - sjá vefverslun

**taramy.is - ERF ehf**



**Júlí 2017**

**Wunderhorn Tríoíð**

**í Reykjahliðarkirkju laugardaginn 8. júlí kl 21:00**  
Íslensk sönglög og óperuperlur. Frír aðgangur, allir velkomnir.

**MUGISON í Léttsteypunni**

**fimmtudaginn 20. júlí kl 21:00**  
Frír aðgangur, allir velkomnir.  
Balú Wraps & Sweets verður á staðnum.

**Spunahljómsveitin TUSK á Gamla Bænum**

**föstudaginn 14. júlí kl 22:00**  
Frír aðgangur, allir velkomnir, 18 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.

**GÓSS: Sigurður Guðmundsson, Sigríður Thorlacius og Guðmundur Óskar í Jarðböðunum**

**föstudaginn 28. júlí kl 13:00**  
Allir velkomnir. Hefðubundið gjald ofan í böðin.

*Við kynnum með stolti lífandi tónlist í Mývatnssveit í samstarfi við Jarðböðin*



Fylgist með okkur á samfélagsmiðlum  
[facebook.com/lakemyvatnconcertseries](https://www.facebook.com/lakemyvatnconcertseries)  
[instagram.com/lakemyvatnconcertseries](https://www.instagram.com/lakemyvatnconcertseries)  
[twitter.com/lakemyvatn](https://twitter.com/lakemyvatn)

mun verða lagt niður í þeirri mynd sem það er nú frá og með 1. október n.k. Á heimasíðu sveitarfélagsins er hægt að finna frekari upplýsingar um Seiglu – miðstöð sköpunar.

**Ljósleiðarinn**

Lagningu ljósleiðarkerfis í sveitarfélaginu miðar vel áfram. Framkvæmdir standa nú yfir í Bárðardal og í framhaldinu verður hafist handa í Laxárdal. Þegar er búið að leggja ljósleiðaraheimtaugar inn hjá 49 notendum af þeim 117 sem eru á áætlun í lokaáfangi þessa verkefnis.

Nokkrir hafa haft samband við mig varðandi frágang framkvæmdaáðila, að víða séu enn opnar holur með tengiboxum og rörum. Samkvæmt upplýsingum frá Tengi hf. þá mun þetta allt verða lagað fyrir verklok en samkvæmt samningi þá var gert ráð fyrir að eitthvað yrði um ófrágengnar holur á meðan framkvæmdir stæðu yfir. Hins vegar bið ég ykkur að hafa samband við Tengi hf. ef þið teljið að holurnar skapi slysahettu og þá þarf að bregðast við því strax. Við lokaúttekt á verkinu verður fylgst með því að allur frágangur uppfylli skilyrði samningsins.

Stefnt er að því að framkvæmdum verði lokið fyrir áramót og þá ættu allir íbúar Þingeyjarsveitar utan markaðssvæða í dreifbýli sem samþykktu tengingu, að vera komnir með möguleika á að tengjast góðu og öruggu fjarskiptasambandi.

**Goðafoss**

Framkvæmdir eru nú við Goðafoss líkt og undanfarin sumur. Í ár fékk sveitarfélagið úthlutuðum styrk að upphæð 28,6 millj.kr. til verkefnisins frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Helstu verkefni sem eru á áætlun í ár eru útsýnispallur, tröppur og stígar að vestanverðu við fossinn sem og frekari frágangur að austanverðu. Að austanverðu hefur bílastæðið verði stækkað og eru nú stæði fyrir um 90 bíla. Einnig er fyrirhugað að endurgera og stækka bílastæðið að vestanverðu og sótt hefur verið um fjármagn í það verkefni. Markmiðið með þessum framkvæmdum við Goðafoss er að bæta aðgengi, tryggja öryggi og vernda náttúruna á svæðinu.

**Kerfill, lúpína og risahvönn**

Margir hafa komið að máli við mig og lýst áhyggjum sínum varðandi ágengar jurtir eins og kerfil, lúpínu og risahvönn, sem eru að leggja undir sig stór svæði hér í sveitarfélaginu. Þó víða sé um eignarlönd að ræða þá er ekki þar með sagt að þetta sé einkamál hvers og eins. Þá er spurning hvort sveitarfélagið geti með einhverjum hætti komið að þessu til að mynda með kortlagningu, skipulagningu íbúasamtaka og samstilltu átaki íbúa gegn þessum vágesti. Þetta erum við skoða og munum bregðast við með einhverjum hætti.



### **Bréf til íbúa Þingeyjarsveitar**

Kæru íbúar, líkt og áður sendi ég ykkur fréttabréf þar sem ég greini frá nokkrum verkefnum sem eru í gangi í sveitarfélaginu okkar.

### **Gámavöllurinn**

Framkvæmdir hafa staðið yfir í sumar við gámavöllinn á Stórutjörnum, búið er að girða svæðið af, steypa plön og koma fyrir þjónustuhúsi. Nú er verið að vinna við lokafrágang og er áætlað að honum ljúki um miðjan ágúst n.k. Þá stefnum við að því að hafa formlega opnun á gámavellinum þar sem íbúum gefst kostur á að kynna sér svæðið og þá þjónustu sem boðið verður uppá. Opnið er á gámavellinum miðvikudaga og föstudaga frá kl. 16:00-18:30 og nú síðast var bætt við sumaropnun á laugardögum frá 10:00-12:00. Starfsmaður á staðnum, Hermann Pétursson, tekur vel á móti ykkur og leiðbeinir varðandi flokkun. Greinargóðar upplýsingar um sormál má einnig finna á heimasíðunni okkar sem ég hvet ykkur til að skoða en þar uppfærum við allar breytingar og nýjustu upplýsingar.

### **Seigla – miðstöð sköpunar**

Tímabundnu starfi verkefnastjóra við Seiglu – miðstöð sköpunar er nú lokið. Anita Karin Guttesen hefur sinnt starfi verkefnisstjóra undanfarin tvö ár og eru henni þökkúð vel unnin störf en margt hefur áunnist í þessu verkefni mótvægisáðgerða. Þá hefur Guðrún Steingrimsdóttir einnig látið af störfum en hún sá um ræstingu o.fl. í Seiglu og eru henni þökkúð vel unnin störf.

Í Seiglu er nú ýmis starfsemi, þar eru m.a. Urðarbrunnur menningarfélag, Héraðssamband Þingeyinga, Þekkingarnet Þingeyinga, Advania og Verkís verkfræðistofa með aðstöðu. Einnig eru Bókasafn Reykdæla, Hársnyrtistofa Örnú og snyrtistofan Snyrtipinninn, með þjónustu þar. Í kjallara hússins er mjög góð aðstaða til listsköpunar og ýmiskonar handverks en þar hafa verið haldin fjölmörg námskeið og kynningar. Starfsemi Seiglu mun því halda áfram en þó með breyttu sniði þar sem húsvarðarstarfið við Félagsheimilið á Breiðumýri hefur verið sameinað yfirumsjón með starfsemi í Seiglu. Nú fyrr í sumar var auglýst eftir starfsmanni til að gegna þessu nýja starfi sem ber heitið forstöðumaður og er um fulla stöðu að ræða. Forstöðumaður mun sinna húsvörslu, sjá um skipulagningu viðburða, umsýslu verkefna, þrif o.fl. Ákveðið hefur verið að ganga til samninga við Borgar Þórarinsson um stöðuna. Áætlað er að Borgar hefji störf um næstu mánaðarmót. Starf húsvarðar á Breiðumýri



## **Frá Stórutjarnaskóla**

Leikskólakennari - skólaliði

Góðan leikskólakennara vantar að leikskóladeild Stórutjarnaskóla næsta skólaár. Um er að ræða hálfu til heila stöðu.

Einnig vantar okkur góðan skólaliða í 100% stöðu frá 18. ágúst til áramóta.

Við leitum að vandvirku og samviskusömu starfsfólki sem er reglusamt og samstarfsfúst og á auðvelt með að umgangast börn og fullorðna.

**Umsóknarfrestur er til 4. ágúst nk.**

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 895-6220 eða 464-3356  
Einnig má finna ítarlegar upplýsingar um skólann á [www.storutjarnaskoli.is](http://www.storutjarnaskoli.is)

# ATH

## Hlaupastelpan

### Fer í sumarfrí

## Víkuna 14 –18. ágúst mun engin Hlaupastelpa koma út.



## Fornir fimmtudagar - Litlu-Núpar

Nú stendur yfir uppgröftur að Litlu-Núpum í Aðaldal. Fimmtudaginn 27. júlí er ætlunin að heimsækja uppgraftrarsvæðið og er mæting á litlu bílastæði/vegi sunnan við brúna hjá Mýrarkvísl klukkan 18:00. Leiðsögn veitir fornleifafraeðingurinn Howell Magnús Roberts og er áætlaður tími 1-1,5 klst.

Hið þingeyska fornleifafélag.

## Vörumóttaka Goðafossmarkaðar ehf

Verður á Fosshóli  
2. ágúst kl. 17.00.

Gæðanefndin

30. tbl.  
26. júlí  
2017  
24. árg.

## Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



# Ýdalir 2017

## Hátíð harmonikuunnenda

Hin árlega Breiðumýrarhátíð H.F.Þ. og F.H.U.E. 2017 verður nú haldin að Ýdölum í Aðaldal  
28.-30. júlí

Hátíðin hefst föstudagskvöldið 28. júlí með dansleik kl 10:00 – 02:00  
Á laugardaginn 29. verða tónleikar kl: 14:00 þar sem fram koma harmonikuleikarar víða að. Um kvöldið verður svo sameiginlegt grill og endað á dansleik frá kl 22:00 til 02:00.

### Nýr staður sama fjörið

Stjórnir H.F.Þ og F.H.U.E